

# Eyja- og Miklaholtshreppur

## 42. fundur skipulags- og byggingarnefndar

**7. nóvember 2022**  
**Breiðabliki kl. 16:00**

Mætt voru:

Próstur Aðalbjarnarson, Atli Sveinn Svansson, Hrefna Birkisdóttir, Kristín Þorleifsdóttir Skipulagsfulltrúi og Þuríður Gía Jóhannesdóttir, starfsmaður umhverfis- og skipulagssviðs. Fannar Þór Þorfinnsson, byggingarfulltrúi sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Þuríður Gía Jóhannesdóttir ritaði fundinn.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### Mál til kynningar

#### 1. Umhverfisbætur við Breiðablik

Á 41. fundi SB-nefndar fól nefndin sviðsstjóra að leggja fram drög að umsókn um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða með fyrirvara um samþykki í sveitarstjórn. Þar sem fyrirvarinn var stuttur gafst ekki ráðrúm til þess að ljúka við umsóknina.

*Bókun: Erindi lagt fram til kynningar. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

#### 1. Heilsuspillandi dekkjakurl á gervigrasvelli við Laugagerðisskóla

Á 13. fundi hreppsnefndar var lögð fram fyrirspurn frá Sveinbjörgu Zophoníasdóttur þar sem hún óskar eftir því að hreppsnefnd kanni möguleika á að skipta dekkjakurlinu út. Hreppsnefnd fól oddvita að skoða málið.

*Bókun: Árið 2016 var lögð fram þingsályktunartillaga um að skipta út dekkjakurli á leiksvæðum/sparkvöllum og í kjölfar hennar gerði Stjórnarráðið (2017) áætlun um að lokið yrði við að skipta út dekkjakurli á um 80% leiksvæða/sparkvalla á landinu árið 2022. Einnig stóðu Umhverfisstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga könnun um ástand leiksvæða/sparkvalla þar sem notað er dekkjakurl.*

*Eyja- og Miklaholtshreppur tók ekki þátt í könnuninni. Oddviti hefur skoðað að fá verktaka til þess að hreinsa upp dekkjakurl á sparkvelli á skólalóð.*

#### 1. Starfsleyfi fyrir Breiðablik - eldhús

Eldhúsið á Breiðabliki þarfnast viðhalds til þess að uppfylla skilyrði HeV fyrir starfsleyfi sem framleiðslueldhús. Á 13. fundi hreppsnefndar samþykkti nefndin að fara ekki í þessar framkvæmdir að svo stöddu og er því framleiðsluleyfið fallið úr gildi. Oddvita var falið að greina HeV frá niðurstöðu hreppsnefndar.

*Bókun: Til kynningar*

### Mál til afgreiðslu

#### 1. Erindisbréf SB-nefndar

Á 41. fundi SB-nefndar fól nefndin formanni að yfirfara erindisbréf í samráði við sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og leggja lokadrög fyrir sveitarstjórn til

samþykktar. Á 11. fundi hreppsnefndar 11. ágúst s.l. var málinu frestað til næsta fundar. Málið var ekki á dagskrá á 12 og 13. fundi hreppsnefndar.

*Bókun: Formaður skipulags- og byggingarnefndar hefur yfirfarið erindisbréfið með sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og gert breytingar í samræmi við samþykktir um stjórn sveitarfélagsins og leggur til að uppfært erindisbréf verði lagt fyrir til afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.*

## 2. **Dalsmynni, uppskipting jarðar**

Lögð fram til afgreiðslu beiðni frá landeiganda Dalsmynnis um uppskiptingu jarðarinnar eða n.t.t. afmörkun þriggja lóða, Dalsmynni 3, 4 og 5. Ein lóðin er á skilgreindu landbúnaðarlandi og hinar tvær á skógræktarsvæði (SL-9). Með umsókninni fylgja undirskriftir eigenda Dalsmynnis sf., eiganda jarðarinnar.

Skv. Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038 er heimilt “að byggja þrjú íbúðarhús á lögbýlum. Húsin geta verið ótengd búrekstri. Slík hús skulu ávallt standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum. Heimilt að reisa allt að þrjú frístundahús á lögbýlum. Mælst er til að húsin séu í nágrenni hvert við annað. Húsin skulu ætíð standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum.” Íbúðarhús er skráð á Dalsmynni 1 og Dalsmynni 2. Ekkert frístundahús er skráð á jörðina.

Atli Sveinn Svansson vék af fundi undir þessum lið.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti erindi landeigenda Dalsmynnis um uppskiptingu jarðarinnar í þrjár lóðir og leggur til að hreppsnefnd samþykki framangreindar tillögur.*

Atli kemur aftur inn á fund

## 3. **Stórikrókur 6 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram til afgreiðslu umsókn um byggingarleyfi á íbúðarhúsi á Stóra Krók 6. Umrædd framkvæmd er í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd hefur farið yfir gögnin og samþykkir byggingaráform. Nefndin felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum 2.4.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m.s.br.*

## 4. **Vegamót Rjúkandi– Umsókn um niðurrif og byggingarheimild fyrir starfsmannahús**

Óskað hafði verið eftir niðurrifi á eldra starfsmannahúsi við Vegamót og nýbyggingu á nýju starfsmannahúsi á sama stað. Um er að ræða fimm eininga hús sem byggt var á Selfossi og flutt vestur. Að hluta verður húsið reist á eldri sökkul ásamt nýjum. Byggingarfulltrúi hafði áður gefið út leyfi fyrir niðurrifi á eldra starfsmannahúsi.

*Bókun: Byggingarfulltrúi fór yfir stöðuna. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarheimild að uppfylltum skilyrðum 2.3.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m. s. br.*

**5. Gröf - umsókn um byggingarheimild**

Lögð fram umsókn um byggingarheimild fyrir kalda vélaskemmu við bæinn Gröf.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarheimild að uppfylltum skilyrðum 2.3.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m. s. br.*

**6. Hofstaðir 3 - Umsókn um byggingarheimild**

Sótt er um byggingarleyfi fyrir ca. 30 m<sup>2</sup> geymsluhúsi og 20 m<sup>2</sup> gestahúsi á Hofstöðum 3.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarheimild að uppfylltum skilyrðum 2.3.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m. s. br.*

**7. Litla Þúfa - Umsókn um niðurrif á gömlu veiðihúsi**

Sótt er um niðurrif og flutning á eldra veiðihúsi sem til stendur að flytja á Skothúsreit 3, Þverá.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir niðurrifi að uppfylltum skilyrðum 2.4.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m.s.br.*

**8. Skothúsreitur 3, Þverá - Umsókn um byggingarheimild**

Lögð fram umsókn um byggingarheimild fyrir 34 m<sup>2</sup> sumarhúsi á Skothúsreit 3 við Þverá. Sumarhúsið verður flutt frá Litlu Þúfu að Skothúsreit 3.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarheimild að uppfylltum skilyrðum 2.3.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m. s. br.*

**9. Dalur 2 - Umsókn um byggingarheimild**

Lögð fram umsókn um byggingarheimild þar sem verið er að gera endurbætur á eldra húsi ásamt viðbættu sumarhúsi fyrir starfsmenn.

*Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarheimild að uppfylltum skilyrðum 2.3.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m.s.br.*

**Önnur mál í vinnslu á umhverfis- og skipulagssviði**

**1. Skipulagsmál:**

- Deiliskipulag fyrir Laugagerði er á lokastigum. Skipulagsráðgjafi er að ljúka við að uppfæra skipulagið með tilliti til ábendinga sem bárust á kynningartíma. Að því loknu verður deiliskipulagið sent í auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.
- Breyting á deiliskipulagi fyrir Stórárók hefur tekið gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 13. október 2022.
- Unnið er að því að endurauglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðhraun II.

- Skráningu jarðarinnar Gröf hefur verið breytt úr "04-eyðjörð" í "01-jörð í byggð". Breytingin var staðfest í hreppsnefnd á 12. fundi nefndarinnar 25. ágúst s.l.
2. **Byggingarmál:**
- Laugargerðisskóli: Byggingarfulltrúi fór í vettvangsskoðun ásamt oddvita og formanni skipulags- og byggingarnefndar þann 20. október sl.
  - Önnur mál
3. **Annað:**
- Sviðið er að fara yfir skráningar og byggingarheimildir sem og gáma í sveitarfélaginu. Farið yfir stöðuna.
  - Sviðsstjóri hefur útbúið Google doc skjal fyrir verkefni sem tengjast fasteignum sveitarfélagsins svipað og gert hefur verið í Grundarfirði og Stykkishólmi-Helgafellssveit. Skjalið hefur reynst vel í hinum sveitarfélögunum og aukið samtal milli umsjónarmanna og starfsfólks umsk-sviðs.
  - Framvegis verður Google drive notað til þess að hlaða upp gögnum fyrir SB-nefndarfundi. Nefndarmenn hafa fengið boð í möppuna.
  - Lögð fram til kynningar drög að sameiginlegri gjaldskrá fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp, Stykkishólmsbæ og Grundarfjarðarbæ.

Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundi slitið kl. 17:20